

Nr. 021 / 13 Vilborg ÍS 170***Skipverji slasast á auga***

Skipaskr.nr. 2632
Smíðaður: Akranesi 2005 plast
Stærð: 11,34 brl 14,76 bt.
Mesta lengd: 11,52 m Skráð lengd: 10,98 m
Breidd: 3,95 m Dýpt: 1,57 m
Vél: Yanmar 314 kW 2005
Fjöldi skipverja: 3



Vilborg@skip.is

Gögn:
Lögregluskýrsla
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 13. desember 2013 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Hirti Emilssyni og Geirþrúði Alfreðsdóttur

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 18. mars 2013 var Vilborg ÍS á línuveiðum um 20 sml suður af Hópsnesi. Veður: NA 12-14 m/s

Bátsverjar voru að draga línuna þegar krókur festist í dráttarrenninni og þegar hann losnaði slóst hann í auga skipverjans á rúllunni. Samráð var haft við lækni um fyrstu meðferð og klárað að draga línuna áður en siglt var til hafnar og slasaða komið til læknis.

Við rannsókn kom fram:

- að verið var að draga 5,8 mm svera fiskilínu. Nælontaumar eru í krókum en ekki liggur fyrir hver teygja efnisins er við slitmörk (minimum breaking strength) eða hvar slitmörk liggja;
- að slasaði sagði að taumarnir teygðust mjög mikið áður en þeir slitnuðu eða áður en krókarnir réttast upp eða brotna og þá vilja brotin skjótast hvert sem er.
- að vindubúnaðurinn var af gerðinni Beytir sem er línuvinda, renna og dráttarrúlla;
- að slasaði sagðist hafa staðið við rúlluna við að gogga fiskinn af krókunum þegar hann fékk tauminn eða sennilega frekar krókinn í andlitið svo sprakk fyrir á augabrún og mikið högg kom á augað;
- að skipstjóri vissi ekki hvort slasaði var skráður vélstjóri eða háseti en samkvæmt lögskráningakerfinu var hann skráður matsveinn;
- að sögn sölumanns hjá veiðafærasölu eru eingöngu seldir nælon fiskilínutaumar.

Nefndarálit:

Orsök atviksins má rekja til styrk- og teygjanleika fiskilínutaumsins.